

Náttúran og pólitíkin

Þarft er að velta fyrir sér tengslum stjórnmála og náttúru. Þau eru ærin þó ekki væri nema fyrir það að við lifum af og hrærumst í náttúrunni, hvar sem við búum. Hvær ætli séu lykilorð dagsins í þessum efnum? Hver er stóra áskorunin nú til dags? Hver er ramminn sem við störfum innan og verðum að leysa ótal verkefni – sum verandi vandamál en önnur ekki? Í erindnu verður m.a. reynt að svara þessum og svipuðum spurningum. Enn fremur rætt um sjálfbærni, orkuskipti og náttúruvá, svo sumt sé nefnt – og fjallað um merk áratugamót 2030, 2040 og 2050. Meira að segja er vikið að vegagerð á ráðstefnu um rannsóknir og vegagerð! Pólitík verður smeygt inn í umfjöllum um hagfræði, hugmyndafræði og efnahagsmál - og auðvitað umhverfismálin. Að lokum verður vikið að framtíðinni á heimsvísu – ekki spámannlega, heldur velt upp einföldum (og sívinsælum?) sviðmyndum.